

42  
9. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,  
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Fyrri málsliður b.-liðar 8. gr. laganna orðist svo: Hefur eftir 16 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipum, sem eru stærri en 12 rúmlestir, þar af að minnsta kosti 18 mánuði á skipum stærri en 30 rúml. og af þeim 18 mánuðum að minnsta kosti 6 mánuði á stærri skipum en 60 rúmlesta.

#### 2. gr.

Í stað „60“ í síðari másl. b.-liðar sömu lagagr. komi: 30.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 43 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

*Gjört í Reykjavík, 9. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

43  
9. maí

## L Ö G

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,  
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Félag, er nefnist Íslensk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

##### 2. gr.

Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslensk váttryggingarfélög, einkum á sviði sjó-